

# BÓKUN

Gildis-lífeyrissjóðs á aðalfundi Símans hf. 9.3.2023

Gildi-lífeyrissjóður leggur fram eftirfarandi bókun sem sjóðurinn mun gera grein fyrir á fundinum ásamt því að óskað er eftir því að afstaðan verði færð til bókar í fundargerð aðalfundarins:

## Dagskrárliður 7 – Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins

Launagreiðslur til æðstu stjórnenda hafa aukist verulega á milli ára og eru kaupaukar umtalsvert umfram það sem starfskjarastefna félagsins gerir ráð fyrir. Samkvæmt upplýsingum frá félaginu stafar hækkun af því að á árinu 2021 hafi stjórn félagsins ákveðið að koma á fót, með ákvörðun og bókun í fundargerð stjórnar, sérstöku kaupaukakerfi í tengslum við sölu félagsins á Mílu og kom það til viðbótar við þegar samþykkt kaupaukakerfi samkvæmt starfskjarastefnu. Leiddi þetta til sex mánaða kaupauka fyrir æðstu stjórnendur til viðbótar við hámarks kaupauka á grundvelli kaupaukakerfis í starfskjarastefnu. Upplýst hafi verið um þetta eftir á í máli formanns stjórnar á hluthafafundi 26. október 2022.

Gildi leggur áherslu á að starfskjarastefnur félaga lýsi því launakerfi sem í reynd er notast við hverju sinni af hálfu félaga. Starfskjarastefna félagsins var borin undir hluthafa á aðalfundi 2022, þegar umrætt viðbótarkerfi virðist þegar hafa verið samþykkt af stjórn, án þess að nokkuð hafi verið um það fjallað eða það heimilað eins og rétt hefði verið að gera. Þá er engu umfjöllun um viðbótarhvatakerfið að finna í skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu í ársskýrslu félagsins sem gefin var út á síðasta ári, þegar búið var að koma kerfinu á. Öll frávik frá gerðri starfskjarastefnu ber að upplýsa hluthafa um í skýrslu um framkvæmd starfskjarastefnu, að ekki sé minnst á veruleg frávik, annars er upplýsingagjöfin villandi fyrir hluthafa félagsins og ekki á reiðandi. Hefur sjóðurinn verulegar athugasemdir við umfang greiðslunnar og verklag við að koma henni á. Skiptir þá ekki máli þótt um sé að ræða kaupauka vegna staks atburðar. Þá eru verulegar athugasemdir gerðar við það að skýrsla um framkvæmd starfskjarastefnu fyrir síðastliðið ár hafi ekki legið fyrir a.m.k. tveimur vikum fyrir þennan aðalfund.

Að mati sjóðsins er umfang launakjara stjórnenda hjá félaginu með þeim hætti, þegar allt er saman tekið, að ekki hafi verið tilefni til svo umfangsmikilla greiðslna til viðbótar við það sem gert er ráð fyrir samkvæmt gildandi starfskjarastefnu.

Gildi-lífeyrissjóður situr hjá við afgreiðslu tillögunnar.

## Dagskrárliður 9 – Kaupréttaráætlun fyrir forstjóra, æðstu stjórnendur og lykilstarfsmenn.

Gildi-lífeyrissjóður situr hjá við afgreiðslu tillögunnar með vísan til þeirra sjónarmiða sem fram koma í bókun þessari varðandi dagskrárlið 7.

**9. mars 2023**

**Gildi-lífeyrissjóður**